

# GJALDSKRÁ

## Sjúkratrygginga Íslands fyrir tæknifrjóvgun sem ekki hefur verið samið um

### 1. gr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða kostnað vegna tæknifrjóvgunar samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð nr. 917/2011 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvganir sem veittar eru án sammings við við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. IV. kafla laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

### 2. gr.

Ef verð þjónustu er lægra en skv. gjaldskrá þessari skal endurgreiðslan miðuð við verð þjónustunnar.

### 3. gr.

Endurgreiðsla Sjúkratrygginga Íslands reiknast út frá eftirfarandi gjaldskrá (heildarverð):

#### Fyrir þar sem ekki á barn saman / einhleypa konu sem á ekki barn:

Gjaldskrárnúmer	Heiti læknisverks	Krónur
	<b>Glasafrjóvgun (IVF), fyrsta meðferð</b>	
57-060-01	fyrri hluti	62.872
57-060-02	seinni hluti	251.488
	<b>Glasafrjóvgun (IVF), önnur til fjórða meðferð</b>	
57-060-03	fyrri hluti	62.872
57-060-04	seinni hluti	251.488
	<b>Smásjárfrjóvgun (ICSI), fyrsta meðferð</b>	
57-061-01	fyrri hluti	75.338
57-061-02	seinni hluti	301.352
	<b>Smásjárfrjóvgun (ICSI), önnur til fjórða meðferð</b>	
57-061-03	fyrri hluti	75.338
57-061-04	seinni hluti	301.352

#### Fyrir þar sem á eitt barn saman / einhleypa konu sem á eitt barn:

Gjaldskrárnúmer	Heiti læknisverks	Krónur
	<b>Glasafrjóvgun (IVF), fyrsta meðferð</b>	
57-060-05	fyrri hluti	62.872
57-060-06	seinni hluti	251.488
	<b>Glasafrjóvgun (IVF), önnur til fjórða meðferð</b>	
57-060-07	fyrri hluti	62.872
57-060-08	seinni hluti	251.488
	<b>Smásjárfrjóvgun (ICSI), fyrsta meðferð</b>	
57-061-05	fyrri hluti	75.338
57-061-06	seinni hluti	301.352
	<b>Smásjárfrjóvgun (ICSI), önnur til fjórða meðferð</b>	
57-061-07	fyrri hluti	75.338
57-061-08	seinni hluti	301.352

Ef ekki er unnt að ljúka meðferð, sem hafin er, skal miðað við að 20% meðferðarinnar (þ.e. fyrri hluta), sbr. ofangreinda gjaldskrá, sé lokið.

Innifalið í meðferð skv. ofangreindum gjaldskrárliðum teljast eftir því sem við á skoðanir og viðtöl sérfræðinga, mælingar á  $\beta$ -HCG og nauðsynleg lyf vegna meðferðarinnar, þó ekki örvunarlyf eggjastokka.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, og reglugerð nr. 917/2011, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvganir sem veittar eru án samnings við við Sjúkratryggingar Íslands, öðlast þegar gildi og tekur til þjónustu sem veitt er á tímabilinu 1. október til 31. desember 2011.

*Sjúkratryggingum Íslands, 6. október 2011.*

**Steingrímur Ari Arason.**

---

*Kristján Guðjónsson.*